



Umhverfislæsi og staðarstolt

- Nýsköpunarmennt sem tæki til skilnings og athafna

Nafn skóla: Egilsstaðaskóli

Nafn verkefnis: Umhverfislæsi og staðarstolt – nýsköpunarmennt sem tæki til skilnings og athafna.

Nafn verkefnisstjóra: Ruth Magnúsdóttir

Markmið verkefnis:

Í stuttu máli:

- Að efla og þróa kennslu í nýsköpunarmennt í skólum á Fljótshéraði
- Að styrkja nýsköpunar og frumkvöðlamenningu í samfélaginu á Héraði

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum:

Haldinn var kynningarfundur með starfsfólki þáttökuskóla til þess að efla skilning á nýsköpun og hvernig allir geta hjálpast að og tekið þátt í að styðja og nota þá nálgun í starfi. Tuttugu manna hópur kennara og stjórnenda úr þáttökuskólum tók þátt í námskeiði sem var tveir og hálfur námskeiðsdagur og var dreift á vorönn. Á námskeiðinu kynntust þátttakendur hagnýtingu kennslu – og aðferðarfræði nýsköpunarmenntar í skólastarfi með tengingu við umhverfi og frumkvöðla í sveitarfélaginu. Frumkvöðlar á Héraði kynntu starf sitt og reynslu á námskeiðinu. Þátttakendur unnu námskrá Fljótshéraðs í nýsköpunarmennt sem tekur til allra skólastiga. Þátttakendur unnu einnig drög að skólanámskrá fyrir sinn skóla. Sem hluti af sameiginlegri endurmenntun er á dagskrá dagsnámskeið fyrir alla grunnskólakennara til að styðja við innleiðingu og styrkingu á nýsköpunarstarfi í skólunum. Nýsköpunardagur verður haldinn á Fljótshéraði 30.nóvember n.k. og verður helgaður kynningu að verkefninu að einhverju leyti.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins.

Hér fyrir neðan er áætlun verkefnisins í grófum dráttum.

Tímasetning	Hvað?	tímalengd	verkefni
janúar	Kynningarfundur fyrir starfsfólk skóla	hálfur dagur	Efla skilning allra á nýsköpun
Janúar – júní	Námskeið fyrir framvarðasveit (fulltrúar frá öllum þáttökuskólum og Minjasafni)	tveir og hálfur dagur dreift á vorönn	Kynna hagnýtingu kennslu- og aðferðarfræði nýsköpunarmenntar og tengja við frumkvöðla. Skólanámskrár,

			námskrá Fljótshálsa
Júní	námskeið fyrir alla kennara	einn dagur	Stuðningur við innleiðingu verkefnisins
Haust 2011	Nýsköpunardagur	Einn dagur	Uppskeyra

Frávik frá áætlun verkefnisins voru nokkur. Áformaðir námskeiðsdagar fyrir fulltrúa skóla og Minjasafns voru 25.janúar, 23.apríl og 3.júní. Vegna óhagstæðs veðurfars og eldgos sem hindruðu flugsamgöngur þurfti tvisvar að fresta námskeiðsdögum. Endanlegir dagar urðu 19.febrúar, 21.maí og 3.júní. Því dróst vinna fulltrúa skóla nokkuð fram á vorið. Af þeim sökum var ákveðið að námskeið fyrir alla kennara yrði um miðjan ágúst fremur en í júní. Uppskeyrudagur nýsköpunarverkefnisins á Fljótshálsa verður 30.nóvember.

Minjasafn Austurlands kom að verkefninu í febrúar og tók safnkennari þess þátt í námskeiði með kennurum og stjórnendum skólans. Með tilkomu safnkennara á Minjasafninu hefur skapast möguleiki á margvíslegum sóknarfærum varðandi samvinnuverkefni.

Helsti ávinningur af verkefninu.

Þátttökuskólar eru: Grunnskólar á Fljótshálsa, leikskólinn Hádegishöfði, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Minjasafn Austurlands.

Verkefnið hefur styrkt skólana í að framfylgja stefnu sveitarfélagsins um að efla Fljótshálsa sem þekkingardrifið samfélag. Það hefur jafnframt stutt skólana í að samþætta stefnu sveitarfélagsins hvað varðar nýsköpunar og þróunarstarf að aðstæðum hvers skóla.

Verkefnið hefur skapað samráðs- og samstarfsvettvangs skólanna og þjappað saman starfsfólki frá ólíkum skólastofnunum með áhuga á nýsköpun og myndað þannig brýr milli skólastiga.

Í tengslum við verkefnið hefur verið komið á tengslum milli frumkvöðla í samfélaginu og kennara innan skólanna og þannig ýtt undir staðarstolt og nýtingu á mannauði svæðisins.

Mat á verkefninu og niðurstöður

Framvarðarsveitir skólanna unnu að skólanámskrá hvers skóla og sameiginlegri námskrá Fljótshálsa í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Sett voru fram mælanleg markmið um þátttöku skólanna í upphafi.

- Stefnit er að því að allir skólarnir taki þátt í nýsköpunarkeppnum innan árs. (Að mestu leyti náðst).
- Nýsköpunarmennt verði í skólanámskrám og á stundaskrá skólanna. (Að mestu leyti náðst)

- Nýsköpunarmennt verð á endurmenntunarskrá skólanna. (Náðst að fullu).
- Nýsköpunarmennt verði þáttur starf- og fjárhagsáætlunum skólanna. (Að mestu leyti náðst).
- Skólarnir verði búnir að taka upp nýsköpunarmennt frá og með kennsluárinu 2010-2011. (að mestu leyti náðst).
- Nýsköpunar – og frumkvöðlarmennt verði ein af föstum greinum Menntaskólans á Egilsstöðum og ríkari þáttur í starfi skólans. (Hefur náðst að fullu).

Helstu niðurstöður verkefnisins eru að markmið þess hafa að mestu leyti náðst. Þekking á kennslufræði nýsköpunar innan skólana hefur aukist og skólanámskrá hvers skóla og sameiginleg námskrá Fljótsdalshéraðs eru öflugar stoðir við innleiðingu kennslu í nýsköpunarmennt. Samstarf er við nokkra frumkvöðla á svæðinu og dæmi um verkefni þar sem nemendur heimsóttu frumkvöðla og unnu að verkefnum með þeim.

Í haust munu kennarar sækja sameiginlegt endurmenntunarnámskeið um nýsköpunarkennslu og væntir verkefnisstjórn þess að námskeiðið muni enn styrkja forsendur skólanna til innleiðingar á kennslu nýsköpunarmenntar og útfærslu hvers skóla.

Áformað er að sjálfhjálpahópur með a.m.k. einn tengil í hverjum skóla haldi utan um verkefnið næsta skólaár og verði í samstarfi við frumkvöðla. Sjálfhjálpahópurinn sér einnig um undirbúning fyrir nýsköpunardag sem haldinn verður 30.nóvember.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.

Verkefnið hefur nú þegar verið kynnt á sameiginlegum fundi grunnskóla á Fljótsdalshéraði. Í athugun er kynning á verkefninu á árlegu þingi skólanna á Austurlandi haustið 2010.

Nýsköpunardagur Fljótsdalshéraðs verður að einhverju leyti helgaður kynningu á verkefninu í samfélaginu.

Í vinnslu er skýrsla með lýsingu á ferli verkefnisins og samantekt á niðurstöðum þess. Niðurstöður verða kynntar á sameiginlegum fundum í skólunum og á vettvangi Vísindagarðs. Áætlað er að kynningar fari fram í ágúst.